



510. fundur stjórnar SASS
haldinn í félagsheimilinu í Árnesi
fimmtudaginn 5. ágúst 2016, kl. 12:00

Mætt: Gunnar Þorgeirsson formaður, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Unnur Þormóðsdóttir, Sæmundur Helgason, Páll Marvin Jónsson og Eggert Valur Guðmundsson. Elín Einarisdóttir, Anna Björg Níelsdóttir og Ágúst Sigurðsson gátu ekki mætt og í þeirra stað komu varamenn þeirra Eva Björk Harðardóttir, Jón Páll Kristófersson og Eypór H. Ólafsson. Einnig sat fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritaði fundargerð. Á fundinn kom einnig sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps, þ.e. Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Kristjana Gestsdóttir og sveitarstjórinn Kristófer A. Tómasson.

Formaður bauð fundarmenn velkomna á fund stjórnar í sveitarfélaginu Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Heimsókn til sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Kristófer, sveitarstjóri, tók undir orð formannsins og fagnaði því að nú væri stjórnarfundur SASS haldinn í félagsheimilinu í Árnesi. Hann var með fróðlega kynningu á helstu málefnum sveitarfélagsins. Hann og fulltrúar í sveitarstjórn svöruðu framkomnum spurningum og lögðu einnig spurningar fyrir stjórn og var þeim svarað á fundinum.

Dagskrá:

1. Fundargerð

Fundargerð 509. fundar undirrituð.

2. Drög að dagskrá ársþings og aðalfundar SASS

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu frumdrög að dagskrá komandi ársþings og aðalfundar SASS sem fram fer á Hnappavöllum í Öræfum 20. – 21. október nk. Endanlegri afgreiðslu málsins vísað til næsta fundar.

Hafinn er undirbúningur að gerð fjárhagsáætlunar SASS fyrir árið 2017.

3. Rekstraryfirlit SASS janúar – júní 2016

Framkvæmdastjóri fór yfir rauntölur rekstrar fyrir tímabilið janúar til júní sl. Rekstur er undir áætlun en frávikin tengjast skipulagsbreytingum og rekstri almenningssamgangna. Varðandi rekstur almenningssamgangna munu hagræðingaraðgerðir sem þegar hefur verið gripið til skila árangri síðar á árinu en óvissa ríkir um fargjaldatekjur.

Framkvæmdastjóra falið að fá nýtt verðmat á fasteign samtakanna að Austurvegi 56, Selfossi og kanna möguleika á sölu hennar.

4. Almenningsamgöngur – afkoma og vetraráætlun

Á fyrstu sex mánuðum ársins 2016 hefur farþegum fækkað um 12,6% samanborið við fyrstu sex mánuði ársins 2015. Á sama tíma hafa tekjur aukist



Lítilega eða um 2,5 m.kr. og tekjur á farþega hafa aukist. Aukning í tekjum af sölu fargjalda skýrist sennilega að mestu af hækkun fargjalda í mars sl. og hlutfallslega fleiri farþegum sem fara lengri og dýrari ferðir.

Nokkur óvissa ríkir um reksturinn á seinni hluta ársins en ef gengið er út frá að tekjur og gjöld séu sambærileg við það sem var árið á undan má gera ráð fyrir að 8 m.kr. tap verði á rekstrinum

Til að sporna við hallarekstri af almenningssamgöngum voru breytingar gerðar á sumarátætlun sem fólust í að fækka ferðum, taka upp upphringiþjónustu á leið 76 (Árnes – Skeiðavegur) og leggja af leið 53 (Þorlákshöfn – Reykjavík).

Í komandi vetraráætlun, sem tekur gildi þann 11. september nk., verða eftirfarandi breytingar gerðar:

Leið 76 – Árnes – Skeiðavegur

Leggst af.

Leið 74 – Árborg - Þorlákshöfn

Leið 74 leggst af en í staðinn kemur ný leið 71 sem tengir Þorlákshöfn við Hveragerði.

Leið 71 – Þorlákshöfn og Hveragerði

Ný leið sem ekur á milli Þorlákshafnar og Hveragerðis á virkum dögum (fjórar ferðir) og tengist þar við leiðir 51 og 52 í átt til Reykjavíkur annars vegar og Selfoss/Hafnar í Hornafirði hins vegar.

Leið 75 - Þar bætast við ferðir kl. 16:00 og 17:00 frá Selfossi – N1.

Leið 51 – Höfn - Reykjavík

Ekin verður ein ferð á dag, alla daga nema laugardaga, til og frá Höfn í Hornafirði. Ferðin Vík – Höfn á laugardögum fellur út.

Leið 52 – Landeyjahöfn – Mjódd

Að mestu óbreytt. Ferðum um Þjóðhátíðarhelgina fækkaði um 5 frá fyrra ári.

Leið 72 – Selfoss – Borg – Reykholt – Flúðir og Leið 73 – Selfoss – Flúðir – Reykholt – Laugarvatn – Grímsnes

Á laugardögum fellur leið 72 út.

Aukaakstur vegna prófa í FSU í desember verður ekki í boði.

5. Sóknaráætlun, Uppbyggingarsjóður og áhersluverkefni

Fjöldi ráðgjafa sem vinna að verkefnum sem tengjast SASS eru nú 11 talsins. Nöfn þeirra má sjá á heimsíðu SASS, sbr. <http://www.sass.is/radgjof/12230-2/>.

Uppbyggingarsjóður Suðurlands – næsta úthlutun

Síðari úthlutun Uppbyggingarsjóðsins er ráðgerð í september og október nk. Umsóknarfrestur er áætlaður til 20. september. Opnað verður fyrir umsóknir u.þ.b. mánuði fyrr og hefst þá kynningarstarfið. Áherslan er áfram að fá væntanlega umsækjendur fyrr í ráðgjöf. Stefnt er að kynningarfundum í tengslum við úthlutunina með áherslu á tengslamyndun og handleiðslu ráðgjafa á staðnum.

Könnun meðal umsækjenda í Uppbyggingarsjóð mun fara fram í ágúst/september nk. og niðurstöður og úrvinnsla mun liggja fyrir í byrjun október.

Áhersluverkefni

Fjármunum hefur verið ráðstafað til fjögurra áhersluverkefna til þessa á árinu eða fyrir samtals 10 m.kr. en þau eru:

- Atlas kortasjá
- Skaftárhreppur til framtíðar
- Málþing um framtíð háskólanáms á Suðurlandi
- 2. áfangi markaðsgreiningar Suðurlands

Þau tvö fyrrnefndu eru í stöðugri vinnslu en málþingið er afstaðið. Verkefnið um markaðsgreiningu Suðurlands er í vinnslu hjá Markaðsstofunni en áætluð verklok eru í lok ágúst.

Einnig er unnið að verkefni sem tengist þróun og markaðssetningu á almenningssamgöngum en fyrr í sumar veitti Vegagerðin SASS 6 m.kr. styrk til verkefnisins.

Byggðaáætlun 2017 til 2023

Byggðastofnun hefur opnað fyrir tillögugátt á heimasíðu sinni við mótun næstu Byggðaáætlunar. Nú geta Sunnlendingar og aðrir sent inn tillögur að áhersluverkefnum í landshlutanum í gegnum heimasíðu SASS og sent inn tillögur að aðgerðum í næstu Byggðaáætlun í gegnum vef Byggðastofnunar.

Fjármál verkefna

Verkefnafé til ráðstöfunar á árinu 2016, til styrkveitinga og áhersluverkefna, er um 120 m.kr. Í fyrri úthlutun Uppbyggingarsjóðsins á árinu var 38 m.kr. ráðstafað til 87 nýsköpunar- og menningarverkefna. Alls hefur svo 10 m.kr. verið ráðstafað á árinu til fjögurra áhersluverkefna og því er óráðstafað um 70 m.kr. Væntingar eru um fleiri öflugri umsóknir á haustdögum, með aðstoð ráðgjafa og að tillögur að nýjum áhersluverkefnum líti dagsins ljós.

6. Önnur mál til kynningar, umræðu og afgreiðslu

- a) Frumvarp til laga um námslán og námsstyrki - 794. mál 145. löggjafarþings**
Stjórn SASS tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið.
- b) Drög að lokaskýrslu verkefnastjórnar 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar**
Lagt fram til kynningar.

Næsti fundur verður haldinn að Austurvegi 56 föstudaginn 2. september nk. kl. 12:00.

Fundi slitið kl. 15:10.

Gunnar Þorgeirsson



Sandra Dís Hafþórsdóttir

Unnur Þormóðsdóttir

Sæmundur Helgason

Páll Marvin Jónsson

Eva Björk Harðardóttir

Jón Páll Kristófersson

Eyþór H. Ólafsson

Bjarni Guðmundsson